

Hulda Anna Arnljótsdóttir (2006). „Hin mörgu andlit símenntunar“.
Morgunblaðið. 27. sept. bls. 26.

Vika símenntunar stendur nú yfir og þeir fræðsluaðilar sem koma að sí- og endurmenntun hafa undanfarið kynnt námsframboð sitt og þjónustu. Hugtakið símenntun hefur fest sig rækilega í sessi síðastliðinn áratug og haft það víðtæk áhrif á líf okkar að líkja má þeim við nokkurskonar vitundarvakningu. Fólk veit og viðurkennir að menntun er æviverk, hvar sem er, hvenær sem er og hvernig sem er. Símenntun virðir fá landamæri og einskorðast ekki við stofnanir eða staði. Hún spannar allt líf fólks og ef vel er haldið á spöðunum er menntun í víðum skilningi tæki til jafnaðar og ábata fyrir alla. Fólk er hvatt til að huga að uppbyggingu eigin hæfni, getu og þekkingu og það eina sem þarf til er áhugi, forvitni og vilji til verka. Eða allt að því. Námstækifærin blasa víða við og galdurinn virðist vera að kunna að velja og hafna úr hafsjó upplýsinga, vita rétt sinn og hvert skal stefna í leik og starfi.

Sérsniðin þjónusta fyrir ríkisstarfsmenn

Fræðslusetrið Starfsmennt býður markhópi sínum upp á sérsniðna þjónustu á sviði þekkingar, þjálfunar og ráðgjafar. Setrið hefur verið starfandi frá 2001 og byggir starfsemi þess á kjarasamningum á milli ríkisins og nítján aðildarfélaganna BSRB. Meginmarkmiðið er að efla starfsþróun og símenntun meðal þeirra ríkisstarfsmanna og stofnana sem eiga aðild að setrinu með það fyrir augum að auðvelda þær breytingar sem eru að eiga sér stað á störfum okkar, starfsumhverfi og lífstíl. Fræðslusetrið Starfsmennt býður því upp á margskonar þjónustu sem beinist að einstaklingum, einstaka starfshópum og stofnunum ríkisins. Nýlega fór í víðtæka dreifingu námsvísir fyrir þessa haustönn þar sem ýmis námskeið, þjónusta við stofnanir og þjálfunarúræði eru tilgreind. Námstilboðin er unnin og þróuð í margvíslegu samstarfi við bakland setursins s.s. með þverfaglegum rýnihópum, sérfræðingum, fagstéttum og öðrum fræðsluaðilum. Yfirlit yfir þjónustuna ásamt þátttökutilkynningum á einstaka viðburði má finna á heimasíðu setursins www.smennt.is.

Stór námskerfi og stutt námskeið

Í boði eru styttri námskeið og lengri námslínur sem taka má í áföngum sem bæði varða persónulegu hæfni og faglega styrkingu í starfi. Af mörgu er að taka en um þessar mundir eru að fara af stað t.d. sjálfstyrkingarnámskeið sem leggja oft grunninn að frekari ávinningum en einnig er boðið upp á stærri námskerfi þar sem fjallað er um einstaklinginn og hans mörgu hlutverk í samfélaginu. Tölvuþekking flokkast í dag sem almenn færni og býður Starfsmennt upp á vefnám fyrir bæði þá sem eru lengra og styttra komnir, undir handleiðslu

kennara sem heldur vel utan um sinn nemendahóp með leiðsögn og tæknilegri aðstoð.

Þá eru einnig ýmiskonar starfstengd leiðsögn og þjálfun í boði fyrir einstaka starfshópa eins og t.d. stuðningsfulltrúa, fangaverði, starfsfólk sýslumannsembætta, heilbrigðisritara og læknaritarar svo eitthvað sér nefnt, víðsvegar um landið. Setrið hefur einnig haft frumkvæði að því að bjóða ríkisstofnunum upp á „Ráðgjafa að láni“ sem vinnur með stjórnendum og starfsfólki að uppbyggingu markvissrar mannauðsstefnu. Í því verkefni er gengið út frá að jákvæð og framsækin stjórnun mannauðs sem mikilvægrar auðlindar geti verið lykillinn að velgengni í starfi stofnana. Um 40 stofnanir hafa þegið slíkan ráðgjafa til sín og fengið aðstoð við einstaka þætti starfsmannastjórnunar. Oftar en ekki hafa fylgt í kjölfarið skemmtilegar nýjungar og þróunarverkefni á sviði símenntunar og frekari starfsþróunar starfsfólks.

Símenntun – svið á hreyfingu

Svið símenntunar hefur þróast hratt undanfarið og mun gera það áfram. Kjörstaðan í dag er að flestir vita af gildi menntunar og eru tilbúnir til að leggja mikið á sig til að bæta við sig þekkingu eða styrkja stöðu sína. En björninn er ekki unninn því margskonar fyrirstöður eru enn til staðar sem draga úr þátttöku fólks og koma í veg fyrir að það njóti réttar síns til mennta. Ein meginrökin fyrir símenntun fyrir alla er að þátttaka dregur úr margskonar misrétti og stuðlar að félagslegum jöfnuði. En leiðin er ekki eins greið og skyldi. Hindranirnar geta verið persónulegs eðlis eins og miklar annir, fjölskylduáðstæður, skortur á sjálfstrausti, tíma eða peningum. Þessar hindranir eru einnig bundnar búsetu, fólk í þéttbýli á greiðari aðgang að menntun en í dreifðari byggðum og það enn þrátt fyrir notkun upplýsingatækninnar. Starfsfólk á smærri vinnustöðum líður einnig fyrir þegar flestir vinnufélaganna storma á námskeið. Mannekla og vinnuálag hefur sitt að segja. Þá eru ótaldar ýmsar kerfislegar hindranir eins og hvert fólk sækir rétt sinn, hvaða fræðslusjóði það tilheyrir og hvar það er í sveit sett því þjálfunarúrræðin miðast oft við fyrirframgerðan ramma en ganga illa þvert á skipulag stofnana og starfshópa.

Margar áskoranir

Þessar fyrirstöður sem margir fræðsluáðilar hafa rekið sig á eru í dag ein af skemmtilegri áskorunum á sviði símenntunar sem vert er að mæta. Við stöndum því frammi fyrir að halda áfram að þróa vettvanginn, vinna saman, taka frumkvæði og leita góðra fyrirmynda. Hvernig tryggjum við áframhaldandi vöxt og viðgang símenntunar fyrir alla og tryggjum gæðaþjónustu sem samrýmist þörfum og kröfum mismunandi starfshópa? Hvernig þróum við áfram leiðir til

að efla vinnutengdan lærdóm og þær fjölbreyttu aðferðir sem þar rúmast?
Símenntun hefur svo mörg andlit og getur birst í ýmsum gerfum sem vert er að
gefa gaum – svo leiðin til framtíðar sé greið og skili öllum tilskildum ávinningi.

Hulda Anna Arnljótsdóttir

Höfundur er framkvæmdastjóri Fræðslusetursins Starfsmenntar